

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2020

Í Garðabæ hófust frjómælingar 25. mars og stóðu til 30. september, samtals í 190 daga. Frjókorn mældust frá 26 frjó- og gróhópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 4.236 frjó/m³ og er það vel yfir meðaltali (2. tafla). Af þeim voru 1.680 grasfrjó (40%), 1291 furu- og grenifrjó (30%), 617 birkifrjó (15%), 101 súrufrjó (2%) og 58 asparfrjó (1%) (1. mynd). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 344 (8%) og var langalgengast að hver hópur væri um eða undir 1%.

Fyrsta þekta frjókornið kom í gildruna þann 8. apríl og var þar um elrifrjókorn að ræða. Annars mældust óvenju fá frjókorn í apríl.

Asparfrjó mældust fyrst þann 6. maí og voru nær samfellt til 23. maí. Þau voru u.þ.b. viku seinna á ferðinni en síðustu ár en langt yfir meðaltalinu (35 frjó/m³), alls 58 frjó/m³. Flest asparfrjó mældust 11. og 16. maí þegar frjótalan náði 8 frjóum/m³.

Birkifrjó mældust alls 617 frjó/m³ sem er aðeins undir meðaltali árána 2011–2019 (710 frjó/m³). Fyrsta birkifrjó mældist 17. maí en eftir 22. maí mældust þau samfellt í mánuð, til 21. júní. Hámark birkifrjóa var 4. júní þegar frjótalan fór í 251 frjó/m³.

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2020, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ loftis
Gras	Poaceae	1.680
Fura / greni	Pinaceae	1.291
Birki	<i>Betula</i>	617
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	101
Ösp	<i>Populus</i>	58
Lyng	Ericales	49
Rósaætt	Rosaceae	43
Víðir	<i>Salix</i>	36
Stör	<i>Carex</i>	35
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	32
Belgjurtir	Leguminosae	27
Elfting	<i>Equisetum</i>	21
Maðra	<i>Galium</i>	17
Beitilyng	<i>Calluna</i>	14
Yllir	<i>Sambucus</i>	13
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	12
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	12
Sefætt	Juncaceae	8
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	6
Elri (Ölur)	<i>Alnus</i>	5
Einir	<i>Juniperus</i>	5
Netla	<i>Urtica</i>	3
Mosi	<i>Sphagnum</i>	3
Fífill	Compositae Cichorideae	1
Sóley	<i>Ranunculus</i>	1
Hjartagras	Caryophyllaceae	1
Óþekkt/ógreind	incognito	145


Grasfrjó komu fyrst í gildruna 10. júní. Þau mældust síðan alla daga nema tvo til ágústloka en mjög lítið í september. Mest var um grasfrjó í júlí eins og undanfarin ár eða 858 frjó/m³, þau voru næstflest í júní, 578 talsins, og í ágúst sem var frekar blautur mældust einungis 220 frjó/m³.

Þann 2. júlí voru flest grasfrjókorn í lofti eða 207 frjó/m³. Að auki fór frjótalan fjórum sinnum yfir 100 frjó/m³ þetta sumarið og fjórum sinnum yfir 50 frjó/m³. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 1.680 frjó/m³ sem er vel yfir meðaltali árána 2011–2019 (1.342 frjó/m³).

Súrufrjó mældust fyrst 8. júní. Alls mældist 101 súrufrjó/m³ sem er nálægt meðaltali sem er 114 frjó/m³, flest í júlí. Frjótalan fór hæst í 8 frjó/m³ þann 5. júlí.



Heildarfrjómagmagn í Garðabæ og skipting í helstu frjógerðir 2011–2020



1. mynd. Heildarfrjómagmagn og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2020.

Sumarið 2020 í Garðabæ var langt yfir meðallagi hvað varðar heildarfrjómagmagn (2. tafla). Skýrist það að miklu leiti af fjölda furu- og grenifrjóa í júní (1. mynd).

Frjóríkasti mánuður sumarsins var júní (2.479 frjó/m³) en apríl var sá rýrasti (13 frjó/m³). Mars er ekki talinn með, enda aðeins mælt frá 25. mars. Einnig var eins og oft áður lítið um frjókorn í september.

Í júní og júlí mældust frjókorn yfir meðallagi, en í apríl, maí, ágúst og september voru þau hins vegar undir meðallagi (2. tafla).

Þetta sumar voru að jafnaði rúmlega 22 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts í Garðabæ. Það er meira en í meðalári (17 frjó/m³) og töluvert meira en sumarið 2019 (12 frjó/m³). Hæsta samanlögð frjótala mældist 21. júní (774 frjó/m³) sem er met en á þeim tíma voru furufrjó í hámarki. Áður hafði hæsta frjótala eins dags mælt 633 frjó/m³, aðallega birkifrjó. Það var 11. júní 2013.

Frjókorn mældust í lofti nánast hvern dag frá 26. apríl til 13. september. Þau mældust tvisvar sinnum yfir 200 frjó/m³, átta sinnum yfir 100 frjó/m³ og einnig átta sinnum yfir 50 frjó/m³.

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands (júní til september) voru meðalhiti og sólskinsstundir á höfuðborgarsvæðinu aðeins undir meðallagi en úrcoma var yfir meðallagi, miðað við síðustu 10 ár.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2020 og meðaltal árunna 2011–2019.

Mánuður	2020	Meðaltal
Mars	1	7
Apríl	13	58
Maí	255	298
Júní	2.479	1.149
Júlí	1.149	932
Ágúst	291	480
September	48	58
Samtals	4.236	2.977

Í október 2020,
Ellý Guðjohnsen

